



Pési

ATH!! Næsti Pési kemur út í ágúst. Efni þarf að berast í síðasta lagi 7.ágúst



Frá Bókasafni Hrunamanna



Opnunartími:

Mánudaga Kl. 20-21
Þriðjudaga Kl. 16-18
Miðvikudaga Kl. 16-18




Krakkar ! Á bókasafninu má finna fjölbreytt efni fyrir sumarlesturinn ☺

Bókasafn Hrunamanna
Félagsheimilinu
Sími: 480 6628

Netfang: bokasafn@fludir.is

Heimasíða: <http://bokasafn.fludir.is/>

Bókasafnið er líka á  Facebook



Sundlaugin á Flúðum. Opnunartími

Frá 9. júní til 29. júní

Mánudaga til föstudaga: 12:00-20:30

Laugardaga og sunnudaga: 12:00-18:00

Frá 30. júní til 6. ágúst.

Mánudaga til föstudaga: 10:00-20:30

Laugardaga og sunnudaga: 10:00-18:00

Frá 7. ágúst til 12. ágúst

Mánudaga til föstudaga: 12:00-20:30

Laugardaga og sunnudaga: 12:00-18:00

Tækjasalur í Íþróttahúsi. Opnunartími júní

Mánudaga, þriðjudaga og fimmtudaga 17:00-20:00.

Opnunartími í júlí:

1.-12. júlí, mánudaga, þriðjudaga og fimmtudaga: 17:00-20:00

Lokað eftir 12. júlí

Opnunartími í ágúst.

7-16 ágúst: mánudaga, þriðjudaga og fimmtudaga: 17:00-20:00

Frá 20. ágúst: Mánudaga til fimmtudaga: 16:30-20:30.

Föstudaga: 13:00-18:00



júní 2018
Ritstjóri og
ábyrgðarmaður
Jón G. Valgeirsson
Heimasíða: www.fludir.is

Umsjón. Svanhildur Pétursdóttir -
svanhildur@fludir.is

28. árgangur.
327. tölublað.
pesi@fludir.is.
Sími. 480 6600

Sveitarstjórapistill

Júní mánuður er runninn upp og má með sanni segja að sumarið sé komið. Það má víst alltaf tala um veðrið á Íslandi og nú tókst maímánuði að slá eitthvað úrkomumet í formi vætu. Víst er að þetta tefur bændur og búalið að gera klárt fyrir sumarið en vonandi vinnur sumarið þetta upp fyrir þá og okkur hin líka.

Þetta veðurfar hefur líka aðeins áhrif á framkvæmdir og í okkar tilviki flýtti það ekki fyrir í Hrunaljóssverkefninu. Hins vegar eru góðu fréttirnar þær að framkvæmdir eru hafnar og okkur sýnist að fyrsti áfanginn verði Grafarbakki/Hvammur þar sem verið var að samnýta framkvæmdir vegna kaldavatnslagnar í verkefni sem fraus fast í byrjun vetrar. Enn og aftur erum við seinir að tala við síðustu íbúa um tengingar sem við biðjumst velvirðingar á en vonandi fer þetta að klárast á næstu dögum. Núna í júnímánuði mun síðan Hrunaljós senda út reikninga vegna tengigjalda og ef einhverjar spurningar vakna vegna þeirra þá endilega hafið samband við skrifstofuna. Síðan er hægt að nálgast upplýsingar um Hrunaljóssverkefnið inn á fludir.is sem ég hvet fólk til að fylgjast með.

Sveitarstjórnarkosningar eru afstaðnar og það er alltaf gott að virkja lýðræðið og íbúar segi hug sinn til þeirra sem stjórna samfélaginu. Nýkjörin sveitarstjórn Hrunamannahrepps er öll skipuð hörku fólki sem ég veit að leggur sig fram fyrir sveitarfélagið og gera gott samfélag betra. Síðan lítur út fyrir að ég haldi áfram sem sveitarstjóri þannig að það verða ekki miklar breytingar á þeim bænum. Nokkrar breytingar urðu hins vegar í sveitarstjórnnum í Árnessýslu en í Árborg og Ölfusi urðu til nýjir meirihlutar þó restin sé nokkuð með óbreyttu sniði. Samstarf sveitarfélaganna í Uppsveitum og sýslunni er mikið þannig að það skiptir miklu máli að vel takist áfram með samstarfið og efast ég ekki um að það verði áfram frábært. Síðan hefur maður einhvern grun um að sameiningarumræður eigi eftir að skjóta upp kollinum á þessu kjörtímabili hjá einhverjum.

Eitt langþráð verkefni virðist vera í höfn en Vegagerðin vill endurnýja Langholtsveginn frá gatnamótunum við búðina og út fyrir Mela en sá vegur er nú löngu ónýtur. Það lá fyrir hönnun á þessum vegi frá árinu 2011 að mig minnir en því miður hefur ekki verið fjármagn í framkvæmdir. Auðvitað vildum við sjá meira gerast því skipulagið er klárt fyrir hringtorgið og einnig er mjög aðkallandi að klára Langholtsvegshringinn og að byrja framkvæmdir á að leggja bundið slitlag upp að Hruna. Það verður eflaust verkefni næstu ára að þrýsta á þessar framkvæmdir en auðvitað fögnum við hverjum áfanga.

Annað verkefni sem farið er af stað er verndun Hrunalaugar. Sveitarfélagið og landeigendur hafa verið að veltast með hvað best væri að gera en niðurstaðan varð sú að þiggja styrk frá Framkvæmdasjóði ferðamannastaða og að byggja upp laugina og aðkomuna að henni. Verkefninu hefur verið stillt upp sem þriggja ára verkefni og byrjuð er vinna við að hanna svæðið og aðkomu. Þegar hönnun er lokið geta framkvæmdir byrjað og vonandi komumst við vel af stað á þessu ári því svæðið hefur vægast sagt látið á sjá. Það er líka gaman að sjá að framkvæmdir eru komnar af stað hjá félögunum í Byggð á Brikum. Það væri mjög gott ef þar kæmst af stað byggingar á hentugu íbúðarhúsnæði og ekki myndi spilla fyrir ef Úlfar Harðar kæmist af stað með verslunarmiðstöð að Flugvallarvegi 1. Ef þetta verður allt að veruleika þarf sveitarfélagið síðan að huga að góðum tengingum af þessu svæði við miðbæ Flúða þannig að góðar göngu- og hjólaleiðir verði við stofnanir sveitarfélagsins. Síðan er það ánægjuefni að framkvæmdir vegna rafmagnsframleiðslu eru hafnar við Kópsvatnsholuna. Byrjað er á að grafa grunn fyrir stöðvarhúsi og síðan munu framkvæmdir halda áfram til að gera klárt til að rafmagnsframleiðsla geti vonandi hafist í haust.

Nú hefur Flúðaskóla hefur verið slitið og nemendum sleppt inn í sumarið. Það er gæfa okkar að eldri börnin eru virk í atvinnuþátttöku en þau eru reyndar svo virk að enginn hefur sótt um í vinnuskóla sveitarfélagsins þetta sumar. Það eru mörg verkefni sem bíða hjá sveitarfélaginu í snuddinu en vonandi ná Veraldarvinir að hjálpa okkur með ýmislegt en sjálfboðaliðar þeirra verða hjá okkur í 3 vikur núna í júní. Það er svo sem tilefni að koma öllu í gott stand því án efa verður mikið af ferðamönnum á svæðinu í sumar. Það liggja svo sem ekki fyrir nema tvær formlegar hátíðar sem eru Verslunarmannahelgin og Uppskeruhátíðin í haust. Nú er verið að undirbúa verslunarmannahelgina en ein ákvörðun hefur þó verið tekin og sú er að ekki verði boðið upp á unglingatjaldsvæði vegna hennar. Því miður hafa svörtu sauðirnir eyðilagt þessa tilraun fyrir þeim sem hegða sér vel.

Ég vil vekja sérstaklega athygli á gönguferðum í Hrunamannahreppi en verið er að skipuleggja prógramm sumarsins. Síðan vil ég hrósa henni Else sérstaklega fyrir framtakið með „þriðjudagsgöngur“ sem hafa slegið í gegn. Það er nefnilega ekki alltaf flókið að hreyfa sig og stunda heilbrigðan lífstíl, bara arka af stað. Að lokum vil ég hvetja fólk til að taka þátt í 17 júní hátíðarhöldunum á Flúðum og njóta þess að vera saman á þeim degi og muna að taka sjálfstæðinu ekki sem gefnum hlut.

Þésinn mun síðan fara í sumarfrí í júlí, eins og skrifstofa Hrunamannahrepps sem mun loka í 3 vikur í júlí, þannig að það verður enginn júlípistill. Ég vil óska öllum góðs sumars og njótið þess vel og lengi

Jón G. Valgeirsson
Sveitarstjóri

80

STAÐIR

UM LAND ALLT



EIMSKIP

Flytjandi



ÞARFTU AÐ LÁTA FLYTJA EITTHVAÐ?

Við sinnum öllum almennum flutningum til og frá Suðurlandi.

Daglegar ferðir um alla Árnessýslu og hvert á land sem er.

Hafðu samband hvort sem um er að ræða tilboð í einstakan flutning eða reglubundna flutningsþjónustu.

EIMSKIP
Flytjandi

Háheiði 8 | 800 Selfoss | 525-7951 | flytjandi.is

KRANAÞJÓNUSTA

B. R. SVERRISSON EHF.

Sími 864 2499 (Bjarni)
brbjarni@gmail.com



72 tonnmeter krani • 2,3 tonn í 21 meter
2 t spil • Bill með drifi á framöxli

Baggamunur

Bókhalds- og skattaþjónusta

Smiðjustígur 6, Flúðum

www.baggamunur.is

s@baggamunur.is

866-9035

Kvennareiðtúr 19.júní 2018

Hinn árlegi kvennareiðtúr verður farinn þann 19.júní .Leggjum af stað frá Reiðhöllinni á Flúðum um kl 17:00. Þeir sem vilja geta komið inn í hópinn við Kópsvatn um kl:17:30+-. Farinn verður þægilegur hringur og endað í Farmers Bistro þar sem við fáum eitthvað gott að borða, og þar er líka góð aðstaða til að geyma hrossin.

Hlökkum til að sjá ykkur

Kveðja, nefndin

Viðburður á facebook, endilega fylgjast með þar



Aðalfundur Skógræktarfélagss Hrunamanna verður haldinn við kofann í skógræktarreitnum á Kópsvatnsásnum sunnudaginn 24. júní n.k. kl: 20.00. Allir eru velkomnir í ketilkaffi og kleinur.



Sveitarstjórn og sveitarstjóri Hrunamannahrepps 2014-2018

H-listinn þakkar íbúum Hrunamannahrepps kærlega fyrir stuðninginn í nýliðnum sveitarstjórnarkosningum og það traust sem listanum var sýnt til að leiða stjórn sveitarfélagsins áfram. Við hlökkum til þess að fá tækifæri til að gera gott samfélag enn betra í góðu samstarfi við sveitungana.

H-listinn



Útreiðartúr

Kæru Smárafélagar og aðrir hestamenn! Takið frá laugardaginn 11. ágúst fyrir útreiðartúr Hestamannafélagsins Smára. Nánar auglýst þegar nær dregur.)
Útreiðarnefnd Smára



www.sveitir.is

Upplýsingar um ferðabjónustu og viðburði í Uppsveitunum

Búvís



RAUCH ÁBURÐARDREIFARAR

MDS dreifari með 800 L stækkun alls 1700 L.
Einnig Axis EMC með 1800 L stækkun alls 3200 L. Fullkomnasti dreifari sem völ er á.
Vandaðir dreifarar fyrir allar bústærðir.



Eigum til áburðardreifara, kornvagna og rúlluvagna, staðsetta á Langsstöðum skammt frá Selfossi.



Nánari upplýsingar í síma 465-1332.

Símanúmer Heilsugæslustöðvarinnar
í Laugarási **432-2770.**
Aðalnúmer Heilbrigðisstofnunar á Selfossi **432-2000**

VIOLA snyrtistofa
Högnastíg 1 Flúðum.

GUINOT húðvörur fyrir dömur og herra
ALESSANDRO naglalökk og gloss
Meðferðir: Andlitsbað – Húðhreinsun – Fótsnyrting –
Handsnyrting – Vaxmeðferðir – Litun og plokkun.
Tímamantanir í Síma 856-1599



Hár-Hrun

Klippir í Félagsheimili Hrunamanna
Vinsamlegast pantið tíma
í síma: 486-5535 og 899 9665 Inga Birna.

Skrifstofa Hrunamannahrepps.

Opnunartími .

Mánudaga til fimmtudaga: 09:00-12:00 og 13:00-16:00

Föstudaga: 09:00-12:00

LOKAÐ vegna sumarleyfa frá 9. júlí til og með 27. júlí.

Sími: 480-6600



Fótaaðgerðarstofan Heimalandi auglýsir!

(Félagar í Félagi eldri Hrunamanna fá afslátt (5.500))

Tímamantanir í síma: 863 0433

Opið fimmtudaginn: 14. júní

Allir velkomnir

Sólveig Jóhannsdóttir Löggiltur fótaaðgerðarfræðingur



Daglegar vöruferðir í uppsveitir Árnessýslu - Selfoss - Hveragerði - Reykjavík

Brottför frá Flúðum kl. 8.00 alla virka morgna
og frá Nesfrakt í Reykjavík kl. 12.00.

Öllum vörum keyrt heim til viðtakanda.



Hafðu samband

Héðinsgata 1 - 3, 105 Reykjavík
Sími 533-2211 - www.nesfrakt.is
Beint samband í flutningabil 773-1626

Nesfrakt

Flutningaþjónusta Unnars



Sími: 856 1580 • Netfang: vondull@simnet.is

Grænna land ehf.

Hellulagnir

Áburðargjöf

Beðahreinsun

Garðsláttur

Garðaúðun

Gróðursetning trjáplanta

Ráðgjöf um hönnun garða

Trjáklippingar

Þökulagnir

Trjáplöntusala



Erla Björg Arnardóttir

Garðyrkjufraeðingur

Sími: 858-3399

graennaland@simnet.is

Fréttir frá bridgeklúbbi Hrunamanna

Árið byrjaði á aðaltvímennungi þar sem Hörður Úlfarsson og Jóhann Gestsson urðu efstir, svo tók við aðalsveitakeppnin sem líklega hefur aldrei verið eins jöfn og spennandi þar sem sveit Dísu vann og skildi tæpt stig að sveit Elínar sem varð í öðru sæti og rétt á eftir í þriðja varð sveit Ingibjargar. Svo búum við svo vel að vera með mikið af snjóllum kvenspílurum og höfum við para keppni þar sem Pálmi Kristmannson og Þuríður Ingólfssdóttir urðu hlutskörpust. Þann 24. apríl var lokakvöldið þar sem aðalfundurinn var á sínum stað og var stjórnin endur kosinn og svo var verðlauna afhending. Fyrir hönd bridgeklúbbs Hrunamanna, Valdimar Stefán



**TAXI á svæðinu sem mun þjónusta
Grímsnesið, Bláskógabyggð, Hrunamannahr og
Skeiða og Gnúpverjahr.**

**Og allar sumarbústaðabyggðir á þessum svæðum
eftir bestu getu.**

TAXI DRIVER

Sími: 7760810 & 7831224





Öll almenn smíðavinna,
nýsmíði, viðhald og viðgerðir
sími: 888-1975/865-7499

Samkaup **strax**

Flúðum

Opnunartími

Mánudaga til föstudaga: 09:00-21:00

Laugardaga og sunnudaga: 10:00-21:00

17. júní opið frá 10:00-20:00

Sími: 486 6633

Uppspretta vellíðunar

NÁTTÚRULEGT GUFUBAÐ HEITIR POTTAR SÁNA

Opið alla daga vikunnar

www.fontana.is



LAUGARVATN

fontana

Heiðunnd frá landnámi

NUDD - BOWEN - MASSAGE

Nú er í boði endurnærandi heilnudd og Bowen meðferð í Íþróttamiðstöðinni Reykholti á mánudögum og þriðjudögum. Tímabókanir eru í síma eða í gegnum facebook síðu.

Einnig eru fánleg gjafabréf í nuddmeðferðir sem eru tilvalin gjöf við öll tækifæri.



Now it's available to get massage and Bowen treatment in Íþróttamiðstöðin Reykholt (the swimming pool) on Mondays and Tuesdays. To make an appointment please call or book through my facebook page.

- Nils Guðjónsson - Bowen tæknir -

Sími/Tel: 897-6944 - nilsgudjon@gmail.com -
facebook.com/NG ehf





Litla Melabúðin

FARMERS MARKET

Opið alla daga milli kl. 13:00-17:00
Open daily 1pm-5pm



Vörur úr
heimabyggð.

Locally grown
Locally owned

Beint frá býli

Grænmeti, kryddjurtir, holdanautakjöt, eldisilungur, heimagerðar sultur og flatkökur, Arna laktósafríar mjólkurvörur og margt fleira.

Vegetables, herbs, Angus beef, brown trout, homemade jams and flatbreads, Arna lactose free dairy and variety of other products.

Melum, Flöðum

Hrunamannahrepp

@litlamelabudin

www.facebook.com/litlamelabudin/



Rúlluplast - rúllunet - stæðuplast

Polystretch

Verð án vsk
Kr. 9.800,-



Lavanda

Verð án vsk
Kr. 9.800,-

7-layer
15 months
UV-stable
virgin material



Polywrap rúllunet 1,23 x 3000



Verð án vsk
Kr. 19.713,-



Stæðuplast / Undirplast

10 x 50 - 12 x 50

14 x 50 - 16 x 50

18 x 50 - 20 x 50

Stæðuplastið er svart/hvítt 150 mj
Undirplastið er transparent 40 mj

Rúllubindigarn / Stórbaggagarn



Rúllutape



LANDSTÓLPI



Gunnbjarnarholti,
801 Selfoss
Sími 480 5600

landstolpi.is
landstolpi@landstolpi.is
Við erum líka á Fésbók

UPPSPRETTAN

Hátíð í Skeiða-
og Gnúpverjahreppi
15.-16. júní 2018



Föstudagur 15. júní

Brokk og skokk í
Skaftholtsréttum



Afmæli Neslaugar:
Pizzavagninn mætir á staðinn,
harmonikkuleikur og Bibí og
Björgvin Franz koma og skemmta

Laugardagur 16. júní, Árnesi

Leikhópurinn Lotta
Sumargóðgæti úr sveitinni
Bjástroð á bæjunum
Uppsprettuþraut
Hoppukastali og leiktæki
Landsleikur í fótbolta á
stóra tjaldinu: Ísland—
Argentína



Verið velkomin!



Nánari upplýsingar verða á facebooksiðu Uppsprettunnar



KAFFI-SEL RESTAURANT AND PIZZERIA

Open everyday from 11.00 – 21.30
Opið alla daga frá kl. 11.00 – 21.30

<http://kaffisel.is> Facebook: Kaffi-Sel

Tel. 486-6454 – info@kaffisel.is





HRUNAPRESTAKALL

Kæru sveitungar.

Að venju verða helgistundir í prestakallinu í tengslum við 17. júní hátíðarhöld en síðasta guðsþjónustan fyrir messuhlé var í Stóra-Núpskirkju 10. júní sl. Fyrstu messur eftir sumarleyfi eru **síðsumarsmessan í Tungufellskirkju sunnudaginn 12. ágúst kl. 14** og **hestamannamessa í Stóra-Núpskirkju sunnudaginn 19. ágúst kl. 14**. Að venju leggur hópreið af stað frá Hruna kl. 11:30 með viðkomu í Hlíð og Steinsholti.

Ég verð í sumarleyfi í júlímánuði og fram yfir verslunarmannahelgi. Sr. Egill Hallgrímsson í Skálholti leysir af á þeim tíma, sími hans er 894-6009. Neyðarsími presta í Árnessýslu er tengdur Heilbrigðisstofnun Suðurlands á Selfossi og lögreglu.

Með ósk um blessunarríkt sumar.

Óskar Hafsteinn Óskarsson
sóknarprestur



RAFMA GNSVERKSTÆÐI
JENS OG RÓBERTS

TÖKUM AÐ OKKUR:
ALLA ALMENNA
RAFVIRKJAPJÓNUSTU



SJÁUM UM TEIKNINGU
OG HÖNNUN
RAFLAGNA

JENS PÉTUR JÓHANSSON
893-7101
RAFJENS@EYJAR.IS

SMÆRRI JAFNT SEM
STÆRRI VERKEFNI.

RÓBERT EINAR JENSSON
899-9554
ROBBIRAF@SIMNET.IS



Sá uppsker sem sáir

Við hjá Sjálfstæðismönnum og óháðum í Hrunamannahreppi viljum þakka kærlega fyrir þann frábæra stuðning sem við fengum í sveitarstjórnarkosningunum 26. maí sl. Við fengum tæp 48% atkvæða.

Sveitungar okkar treysta okkur til að gera Hrunamannahrepp enn betri í samstarfi við H-listann og það munum við gera. Við þurfum að opna stjórnarsýsluna og hafa allt uppi á yfirborðinu, bæta vinnubrögð og sjá til þess að allir séu undir sama hatti.

Við lögðum okkur öll fram, gerðum góða stefnuskrá og sáðum fræinu og nú er það okkar að hlúa vel að því svo við uppskerum vel.

Takk kærlega fyrir að treysta okkur fyrir þessu krefjandi verkefni.



Hrunamannahreppi, 845 Flúðir, Sími 480 6620, Netfang: undraland.is

Leikskólakennarar óskast

Leikskólinn Undraland á Flúðum óskar eftir að ráða leikskólakennara til starfa frá miðjum ágúst 2018.

Leikskólinn Undraland er þriggja deilda leikskóli og er staðsettur á Flúðum. Við skólann stunda rúmlega 40 börn nám. Við störfum eftir hugmyndafræði Reggio Emilia með útikennslu að leiðarljósi. Við leggjum áherslu á þarfir barnanna til frjálsra leikja og getu þeirra til að skapa og upplifa. Náttúran og umhverfið sem við búum í eru nýtt til rannsókna og leikja.

Menntun

Umsækjendur þurfa að hafa lokið leikskólakennaranámi eða tilskilinni menntun.

Hæfni

Kennarar og starfsmenn leikskólans þurfa að búa yfir færni í mannlegum samskiptum, sýna frumkvæði, sjálfstæði og hafa metnað fyrir starfi sínu.

Vinna að uppeldi og menntun barnanna í samræmi við námskrá leikskólans og geta unnið í nánú samstarfi við stjórnendur leikskólans.

Launakjör

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitafélaga og Félags leikskólakennara.

Við hvetjum karla jafnt sem konur til að sækja um hjá okkur.

Ef ekki fást leikskólakennarar til starfa verður litið til reynslu og meðmæla úr fyrri starfi/störfum.

Umsóknareyðublöð má nálgast á heimasíðu skólans og hjá leikskólalastjóra. Vinsamlegast sendið inn umsókn á netfangið ingibjorg@undraland.is fyrir 15. júní.

Nánari upplýsingar veitir Ingibjörg Bjarney Baldursdóttir leikskólalastjóri í síma 480-6620.

Gönguferðir í Hrunamannahreppi 2018

Ferða- og menningarnefnd Hrunamannahrepps kynnir hér gönguferðir sumarsins 2018. Þetta er sautjándi sumarið sem boðið er upp á þessar ferðir. Ferðirnar eru alls sjö. Allar ferðirnar verða á miðvikudagskvöldum í sumar nema ferðirnar 30.06. og 25.08. sem eru dagsgöngur. Frítt er í allar göngurnar en innheimt verður fyrir leiðsögn/akstur í Stóru-Laxár gönguna. Leiðsögumenn í ferðunum í samvinnu við heimafólk verða þau Helgi Már Gunnarsson og Kolbrún Haraldsdóttir, Flúðum. Allir eru hjartanlega velkomnir.

1.ferð er 13. júní. Foss – Gildurhagi

Lagt af stað kl 20:00 frá upplýsingaskiltinu um byrgi Fjalla Eyvindar sem er við afleggjarann heim að Jötu. Þetta er létt og skemmtileg leið fram í Gildurhaga sem er mikil náttúruperla. Sagan af Sængurkonukletti verður rifjuð upp. Hér er notalegt að eiga góða kvöldstund í fallettu umhverfi.

Létt og auðveld ganga sem tekur u.þ.b. 2-3 klst.

2. ferð er 20. júní. Byrgi Fjalla- Eyvindar

Lagt af stað kl 20:00 frá upplýsingaskiltinu um byrgi Fjalla Eyvindar sem er við afleggjarann heim að Jötu. Gengið eftir götum fram Skipholtsfjall og að byrgi (búri) Fjalla-Eyvindar sem er vel falið í landslaginu. Létt og auðveld ganga sem tekur u.þ.b. 2-3 klst.

3. ferð er 27. júní. Hörgsholt - Sólheimar

Lagt af stað kl 20:00 frá Sólheimum. Hittumst á planinu við rörahlíðið hjá fjárhúsinu á Sólheimum. Þar verður safnast í bíla og ekið að afleggjaranum heim að Hörgsholti þar sem gangan hefst. Gengið verður að eyðibýlinu Hörgsholti og þaðan meðfram Stóru- Laxá niður að Sólheimum. Skemmtileg og falleg leið þar sem Stóra- Laxá rennur í fallettu gljúfrum.

Ganga sem tekur u.þ.b. 3 klst.

4. ferð er 30. júní. Foss- Ingjaldshnjúkur- Hildarsel- Fagradalur- Foss, dagsanga

Lagt af stað kl 11:00 frá planinu sem er fyrir framan fossinn áður en komið er heim að bænum Fossi. Þaðan er gengið upp á Tjarnheiði og svo haldið í suðurátt fram á Ingjaldshnjúk þar sem er víðáttumikið útsýni. Þaðan er haldið niður að eyðibýlinu Hildarseli, skoðum Kistufoss í Litlu- Laxá. Göngum síðan Fagradal til baka að Fossi. Ganga sem tekur u.þ.b. 6 klst.

5. ferð er 4. júlí. Brúarhlöð – Haukholt

Farið er um Brúarhlöð-Haukholt um Kónsveginn. Lagt af stað kl.20:00 frá Brúarhlöðum og farið um gamla Kónsveginn sem ekki er farinn á hverjum degi. Mjög falleg leið niður með Hvítá þar sem skiptist á beljandi áin í þröngu gljúfrinu og síðan ganga um fallegan birkiskóg. Þægileg ganga fyrir alla aldurshópa. Áætlaður göngutími er 2-3 klst.

6. ferð er 11. júlí. Núpstúnskista

Lagt af stað kl. 20:00 frá hlaðinu í Núpstúni. Gengið inn með fjallinu og fíkrað sig upp á Núpstúnskistu og gengið fram á Nípuna. Falleg leið og nokkuð auðveld ganga sem tekur

u.þ.b. 2 klst.

7. og síðasta ferð sumarsins 25. ágúst er Stóra-Laxárgljúfur ganga.

Þetta er dagsanga, u.þ.b. 16 km. Ekið er inn á afrétt Hrunamanna og gengið niður með hinu stórkostlega gljúfri Stóru-Laxár en það er rómað fyrir náttúrufegurð. Endað er við bæinn Kaldbak. Ógleymanleg ganga og er hugsuð sem náttúruskoðun. Gangan er í samstarfi við Upplit menningarklasa uppsveita Árnassýslu. Athugið að það þarf að panta í þessa ferð í síma 6923882/6995178. Gera þarf ráð fyrir einhverjum kostnaði sem verður auglýstur síðar er hann fyrir akstri og leiðsögn.



Nýtskrifaðir leikskólaliðar og stuðningsfulltrúar



Grill í lækjargarðinum



Kópsvatnsholan



Steinsögun

Tek að mér steinsögun í uppsveitum Árnessýslu, get sagað allt að 27 cm.

Verð og aðrar upplýsingar veitir Kristján Valur í síma: 8657158



Hjörleifur Ólafsson
Raffræðingur Löggiltur rafverktaki

Fossi
Hrunamannahreppi
845 Flúðir

Sími 662 0530
Fax 486 6432
fossi@fossi.is

Íbúð til leigu í Heimalandi.
Laus er til umsóknar íbúð fyrir eldri borgara,
í Heimalandi á Flúðum.
Umsóknir berist fyrir 26. júní nk.
Áhugasamir hafi samband við skrifstofu
Hrunamannahrepps í síma 480 6600
eða á netfang: hruni@fludir.is



Höfum tekið í umboðssölu fóður frá
Josera og deheus
Verið velkomin til okkar
Árni ehf Smiðjustíg 6





Hátíðardagskrá í Hrunamannahreppi 17. júní 2018

Dagskráin hefst með skrudgöngu sem leggur af stað frá íþróttahúsinu kl. 13:30.

Að henni lokinni, um kl. 14:00, hefjast hefðbundin hátíðarhöld í íþróttahúsinu.

- Fjallkonan flytur ljóð
- Séra Óskar H. Óskarsson flytur hugvekju
- Flutt verður hátíðarræða
- Umhverfisverðlaun Hrunamannahrepps verða veitt
- Tilkynnt um val á íþróttamanni ársins í Hrunamannahreppi og auk þess verða afreksmenn í hinum ýmsu íþróttagreinum heiðraðir.

Að hátíðardagskrá lokinni verður ýmislegt í boði fyrir hátíðargesti.

- Unglingadeildin Vindur mun selja blöðrur og andlitsmálningu.
- 17. júní hlaupið verður að vanda þreytt strax að lokinni hátíðardagskrá.
- Sprell og koddaslagur verður í sundlauginni.
- Hoppukastalar verða í/við íþróttahús.
- Teymt verður undir börnum.

Hlökkum til að sjá ykkur í hátíðarskapi,
17. júní nefndin

